

Stjórn foreldrafélags Setbergsskóla

Fundargerð

Mættir:

Halla Thoroddsen, Lára Hafberg, Vala Steinsdóttir, Tinna Hrund Gunnarsdóttir, Benedikt Guðmundsson, Haukur Agnarsson, María Pálmadóttir (fulltrúi skólastjórnenda)

Fjarverandi: Ásta Margrét Guðmundsdóttir (fultrúi kennara), Ásta Eyjólfsdóttir (fulltrúi annarra starfsmanna), Margrét Ólöf Jónsdóttir (fulltrúi skólastjórnenda)

Fundur settur kl. 17:15

1. Verkaskipting stjórnar

Sjtórnin skiptir með sér verkum sem hér segir:

- a. Formaður: Vala Steinsdóttir
- b. Gjaldkeri: Benedikt Guðmundsson
- c. Ritari: Haukur Agnarsson
- d. Foreldraráð Hafnarfjarðar: Lára Hafberg (Haukur verður varamaður)

2. Dagskrá vetrarins

Þrjú stórir viðburðir eru áætlaðir á starfsárinu:

- a. Jólaföndur – 23.11.2019
- b. Páskabingó – 2.4.2020
- c. Vorhátíð – 3.6.2020

Aðrir mögulegir dagskrárliðir:

- d. Fyrirlestur fyrir mið- og efsta stig (Pálmi).
- e. Styrkja félagsstarf fyrir yngstu deild, t.d. með spilagjöf eða kaupum á víðsjá.

Ekki tekin ákvörðun um lið d. og e. Ákveðið að taka ákvörðun eftir því sem fjármagn leyfir.

3. Jólaföndur

Jólaföndur verður haldið laugardaginn 23.11.2019.

Verkaskipting:

- Benedikt hefur samband við Jólaföndur Halldóru.
- Lára kannar með að auka fjölbreytni í jólaföndri.
- Vala kannar með birgðastöðu á málningu og pennslum.
 - o Haukur sér svo um að panta.
- María kannar með atriði frá nemendum.

Boðaður verður annar fundur vegna undirbúnings þegar nær dregur, ef þurfa þykir.

4. Foreldrarölt

Mönnun á foreldrarölti gekk ekki vel sl. skólaár. Á aðalfundi foreldrafélagsins kom fram áhugi frá fundarmönnum um að halda þessum áfram.

Prófað verður að árgangaskipta foreldrarölti í stað þess að bekkjaskipta og skoða að taka upp hvatakerfi. Framkvæmd verður sett í hendurnar á bekkjafulltrúm. Katla (fyrrum stjórnarmeðlimur) hefur boðist til að setja upp skipulag. Boltinn settur í hendurnar á Kötlu.

5. Félagsgjöld

Í fyrra var sendur einn greiðsluseðill að fjárhæð 2.500 kr. á fjölskyldu fyrir allt skólaárið. Samþykkt að hafa sama fyrirkomulag á þessu skólaári.

6. Fjármál / Ársreikningur

Endurskoðaður ársreikningur fyrir síðasta skólaár verður sendur til stjórnar til upplýsingar.

7. Önnur mál

a. Páskabingó:

- Passa verður upp á að páskabingó 10. Bekkjar/Setrisins skarist ekki á við viðburð foreldrafélagsins. Kanna mætti líka með samstarf við Setrið til að dreyfa þátttakendum á þessa tvo viðburði.
- Vala mun kanna með að fá gátlista fyrir undirbúning á veitingasölu fyrir 10. bekk.

Fundi slitið kl. 18:27